

Spjaldtölvur í Grunnskólanum á Ísafirði

Í GÍ eru spjaldtölvur frá Apple notaðar í öllum árgöngum. Í 1.-4. bekk eru 4-5 tæki í hverjum bekk. Í 5.-10. bekk er eitt tæki á hvern nemanda. Tækin eru alfarið í eigu GÍ. Gerður er þríhliða samningur milli skóla, nemanda og forráðamanns um notkun á tækinu. Nemendur í 5.-7. bekk fara ekki með tækið út úr skólastofunni og því er þeirra samningur frábrugðinn samning nemenda í 8.-10. bekk.

Uppsetning og kerfisstýring

Öll tæki er sett upp með umsjónarkerfi sem heitið Zuludesk. Tækið er sett upp fyrir hvern nemanda með netfangi frá G-Suite. Deildarstjóri heldur skrá yfir aðgang að þráðlausu neti, netföng, Apple-id og lykilorð. Lykilorð tækis skal vera 1234 eða 123456 ef veitt er undanþága á þeirri reglu þarf umsjónarkennari að láta deildarstjóra vita ásamt nýju pin-númeri. Netfangið í tækinu er skráð í mentor svo nemendur fá tölvupósta frá kennurum í þangað. Öll tæki eru síðan skráð til útláns á bókasafni skólans.

Umsjón með tæki.

Í 8.-10. bekk hafa nemendur leyfi til að taka tækið heim með sér ef ljúka þarf ákveðnum verkefnum sem þarf að vinna í tækinu. Ef það er gert lætur viðkomandi kennari umsjónarkennara vita. Í þeim tilvikum þarf að koma með tækið fullhlaðið í skólann daginn eftir. Þegar tækið er tengt við þráðlaust net og í sambandi uppfærast icloud reikningur notanda. Slökkt er á þráðlausu nemendaneti skólans á nóttunni svo þessi uppfærsla verður ekki, því þurfa nemendur reglulega að uppfæra icloud-ið. Einn af kostum spjaldtölvunnar er að hún er hreyfanlegt tæki, sá eiginleiki er auðvitað ekki til staðar ef tækið þarf að vera í sambandi. Nauðsynlegt er að endurræsa tækin reglulega. Nemendur þurfa einnig að sjá um að uppfæra stýrikerfi og smáforrit (öpp) eins og þurfa þykir.

Hleðslutæki/snúra

Hver nemandi fær hleðslutæki og tilheyrandi snúru með tækinu. Ef nemandi týnir því þarf hann/forráðamaður að kaupa nýtt. Ef það bilar getur nemandi skilað snúru og/eða kubb til deildarstjóra og fengið nýtt í staðinn.

Kennsla

Kennarar leggja fyrir fjölbreytt verkefni í kennslustundum, sum þeirra krefjast notkunar tækis en ekki öll. Ef nemandi notar tækið í kennslustund án leyfis kennara eða ekki á réttan hátt (t.d. í tölvuleik) gerir kennari tækið upptækt og afhendir deildarstjóra. Deildarstjóri geymir tækið í þrjú daga en kennarar geta náð í það til notkunar í einstaka kennslustundum. Ef nemandi verður uppvís af rangri notkun í kennslustund í annað skiptið missir hann aðgang að App-store í einn mánuð og fær aðeins að hafa kennsluforrit í tækinu

Skil að vori

Þegar nemandi skilar tæki á bókasafn að vori á að gera allt á þessum gátlista:

- ◇ Vista öll skjöl og myndir sem þú vilt eiga í skýið þitt, eyða öðru
- ◇ Hreinsa út alla leiki og öll forrit sem ekki tengjast kennslu
- ◇ Skila á bókasafn með hleðslutæki, hlífðarhylki, kassa og yfir 50% hleðslu
- ◇ Slökkva á tækinu

Bilun/tjón

Ef tækið skemmist eða bilar þarf nemandi að láta umsjónarkennara vita og koma síðan með tækið til deildarstjóra. Skemmt tæki er sent til tryggingafélags bæjarins en biluðum tækjum er komið í viðgerð. Ekki er hægt að ábyrgjast að nemandi fái strax annað tæki í staðinn.